



Gróttu Íslandsmeistari annað árið í röð

Gróttu varð á sunnudaginn sl. Íslandsmeistari í handknattleik kvenna eftir öruggan 28:23 sigur gegn Stjörnunni í fjórða leik liðanna í úrslitaevingi deildarinnar í Garðabæ. Gróttu hefur þar af leiðandi orðið Íslandsmeistari tvö ár í röð.

Gróttu mætti mjög ákveðin til leiks og lék við hvern sinn fingur. Liðið var sex mörkum yfir í hálfleik 17-11 en liði lék í senn öfluga vörn sem og frábæra sókn þar sem flest gekk upp og komst mest í 10 marka forskot í seinni hálfleik og endaði leikurinn með fimm marka sigri Gróttu. Gróttu bar því sigur úr býtum í einvíninu 3:1 og er Íslandsmeistari í annað skipti í sögu félagsins.



Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek
Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Hjólreiðar

Nú stendur yfir undirbúningur tvöföldunar hjólreiðastígsins hringinn um Seltjarnarnes og leitað er tilboða í fyrsta áfanga verksins. Með þessu eru bæjaryfirvöld að koma til móts við stöðugt vaxandi áhuga fólks á hjólreiðum og notkun reiðhjóla hvort sem er til gaman eða til þess að komast á milli staða vegna daglegra viðfangsefna. Hjólreiðar eru orðnar viðurkenndur samgöngumáti og sveitarfélögin verða að koma til móts við þær á sama hátt og akstur bifreiða, ferðir almenningsfarartækja og gangandi vegfarendur.

Margt jákvætt má segja um vaxandi áhuga fólks á hjólreiðum. Með þeim má draga úr umferð bifreiða og þar með mengun og einnig eru þær á margan hátt heilsueflandi lífsmáti. Hjólreiðar eru þó ekki allar af sömu gerð og ólíkur áhugi getur legið þeim að baki. Annars vegar er fólk að nýta sér kosti reiðhjólsins til þess að fara á milli staða en hins vegar fólk sem lítur á þær sem einskonar íþróttabjálfun og fer um á svokölluðum keppnishjólum.

Þetta fólk fer hratt yfir og virðist oft í heimi íþróttarinnar einnar á reiðhjólum sínum. Þessar hjólreiðar eiga ekki heima á hjólastígum með hefðbundinni hjólaumferð og hafa slys jafnvel orðið þegar hraðhjólafólk er á ferð. Til eru sérstakar brautin fyrir hjólreiðar af þessum toga en þær eru ekki alls staðar. Þar sem þær eru ekki til staðar verður fólk á keppnishjólum að láta sér lynda að hjóla á umferðargötum.



Skipt um gervigras

Mánudaginn 23. maí hefst framkvæmdir á Vivaldi vellinum, en skipt verður um gervigras á bæði æfinga- og keppnisvellinum. Nýja grasið verður það sama og Valsmenn settu á keppnisvöll sinn á Hlíðarenda í fyrra. Tíu tilboð bárust í verkið og voru átta þeirra undir kostnaðaráætlun sem var ánægjulegt. Fyrirtækið Metatron annast framkvæmdina en umsjónaraðili er VSÓ ráðgjöf.

Um er að ræða töluverðar framkvæmdir sem felast í að fyrst verður allt gúmmikurl ryksugað upp af vellinum og sett í stóra sekki. Því næst verður núverandi gervigrasmotta bútuð í sundur og rúllað upp í rúllur. Í framhaldinu kemur nýtt fjaðurlag og gervigrasmotta í gámum hverjum á eftir öðrum eftir því sem verkinu fram vindur. Að lokum verður ljósgrátt innfylliefni sett yfir gervigrasið, svokallað iðnaðargúmmi, sem við þekkjum t.d. innan úr þvottavélum og þurrkurum svo nærtækt dæmi sé tekið. Það kemur í stað dekkjakurlins (SBR gúmmisins), sem mikil umræða hefur verið um síðustu misseri og er enn á flestum gervigrasvöllum landsins.

Ljóst er að mikið rask verður á allri starfsemi knattspyrnudeildar Gróttu í júní af þessum sökum. Tímasetning var valin í samráði við forráðamenn yngri flokka og meistaraflokks. Ekki var talið ráðlegt að hefjast handa fyrr í vor né síðar í haust þar sem veðurfar skiptir afar miklu máli í svona framkvæmd. Á sama tíma mun Evrópukeppnin í knattspyrnu standa sem hæst. Meistaraflokkur mun fá aðgengi að FRAM vellinum á meðan og íþróttahúsið, sparkvöllir, Valhúsavöllur og aðrir grasbalar bæjarins verða fullnýttir af yngri kynslóðinni á meðan. Þess má geta að áætlað er að skipta út svörtu SBR gúmmi sem er á sparkvöllum

bæjarins í leiðinni, og mun það verkefni taka fljótt af.

Framkvæmdir á Vivaldi vellinum munu standa yfir í liðlega 6 vikur en verkefninu á að ljúka í byrjun júlí. Athafnasvæði verður girt af á bílastæði við sundlauginu og mun þá bílastæðum fækka nokkuð til skamms tíma. Benda má á stæði við leikskólana sem hægt er að notast við, auk stæða við Valhúsaskóla og tónlistarskólann (frá Kirkjubraut). Svo er um að gera að nota tækifærið og labba eða hjóla aðeins oftar í sund eða ræktina, rétt yfir hásumarið. Vonandi sýna Seltirningar verkefninu þolinmæði. Það sem mestu máli skiptir er að þegar uppi er staðið munu knattspyrnuiðkendur á Seltjarnarnesi æfa og keppa við enn betri og heilbrigðari aðstæður en í dag.



Magnús Örn Guðmundsson.

Magnús Örn Guðmundsson
Formaður ÍTS

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

Nesbíúinn



Til hamingju stelpur með
Íslandsmeistaratitilinn!

Leikskólabörnin fengu buff með mynd Ólafs Gunnars í sumargjöf

Nú hefur ein af ljósmyndum Ólafs Gunnars Sæmundssonar næringarfræðings hans á 200 höfuðstrokka eða buff sem öll leikskólabörn á Nesinu fengu nýlega að gjöf frá foreldrafélaginu.

Ólafur er Seltirningum að góðu kunnur fyrir einstakar fugla- og náttúruljósmyndar af Nesinu. Um er að ræða mynd af kríu á flugi, en krían er af mörgum talin eitt af einkennum Seltjarnarness. Margþætt notagildi strokksins er óumdeilt, en útfærslan á myndinni er einstaklega listræn og mikið augnayndi auk þess sem börnin á Leikskóla Seltjarnarness hafa með gjöfinni öðlast sitt eigið einkenni, sem aðgreinir þau frá öðrum börnum þegar farið er út fyrir skólalóðina.

Á myndunum má sjá og hóp glaðbeittra leikskólabarna með nýja kríu-strokkinn auk ljósmyndarans Ólafs Gunnars Sæmundssonar, sem heldur á uppstoppaðri kríu, Sigurlaugu Bjarnadóttur starfsmann leikskólans og Guðrúnu Heimisdóttur fulltrúa foreldrafélagsins.



Öll rúnstykki á



Fagmenska tryggir gæðin

80 kr. stk

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Tilboða leitað í tvöföldun hjólastígs

Þessa dagana er verið að leita tilboða í fyrsta áfanga tvöföldunar hjólastígs sem liggur frá bæjarmörkunum við Norðurströndina að Snoppu. Verkefnið er vandmeðfarið og verður þess gætt í hvívetna að sem minnst rask verði á náttúrunni og umhverfinu, en gert er ráð fyrir að lagning brautarinnar geti tekið allt að þremur mánuðum. Vegfarendur eru beðnir um að sýna biðlund á meðan á framkvæmdum stendur.

Í ljósi umræðna um hættur sem steðja að vegfarendum á göngu- og hjólastígum bæjarins hefur Seltjarnarnesbær tekið ákvörðun



um að bregðast við núverandi ástandi með því að tvöfalda stígin hringinn í kringum Nesið og aðgreina þar með umferð hjólandi og gangandi. Með þessu vonast bæjaryfirvöld til að allir geti notið náttúru og útivistar á Seltjarnarnesi á þann hátt sem þeir kjósa og í sátt og samlyndi.

Góð lýðheilsa meðal ungs fólks á Nesinu

Góð lýðheilsa er á meðal ungs fólks á Seltjarnarnesi. Það kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem Jón Sigfússon framkvæmdarstjóri Rannsóknar og greiningar kynnti á dögnum um lýðheilsu nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi sem gerð var í mars 2016. Kynningin fór fram á fundi Samráðshóps um áfengis- og vímuvarnir í hátíðarsal Gróttu, en samskonar könnun var gerð meðal sama aldurshóps um allt land.

Í niðurstöðum kom fram að áfengis- og vímuefnaneysla ungmenna á Seltjarnarnesi er óveruleg líkt og undanfarin ár. Aðrar niðurstöður sem vöktu athygli á landsvisu er hversu samvera barna á Seltjarnarnesi með foreldrum er mikil og einnig að þunglyndi og kvíði eru nánast óþekkt. Iðkun íþróttá, á meðal aldurshópsins sem spurður var, er meiri á Seltjarnarnesi samanborið við iðkun annarra ungmenna á landinu. Grunnskóli Seltjarnarness fær rós í hnappagatið fyrir framúrskarandi starf í könnuninni, en nemendur þar segjast allir vera ánægðir og enginn vill hætta í skólanum. Nánari upplýsingar um skýrsluna veitir forvarnarfulltrúi bæjarins Sigrún Hv. Magnúsdóttir í síma 595 9132, en skýrsluna í heild sinni má finna á heimasíðu bæjarins.

Ný inniaðstaða Nesklúbbsins

Síðasti dagur vetrar var sögulegur dagur fyrir Nesklúbbsinn. Þá skrifuðu forsvarsmenn klúbbsins undir samning við fasteignafélagið REITI um afnot af húsnæði sem notað verður fyrir inniaðstöðu klúbbsins á veturna til næstu ára. Húsnæðið sem um ræðir er 450 fermetrar og er staðsett á 3. hæðinni á Eiðistorgi og eru möguleikarnir fyrir klúbbsinn gríðarlegir með tilkomu þessa samnings.

Allar æfingar fyrir unglingsstarf klúbbsins munu færast þangað úr Lækningaminjasafninu, þar verður komið fyrir nýjustu gerð af golfhermi ásamt því að þar verður bæði puttflöt og svo net til þess að slá í. Hugmyndir eru uppi um að tengjast með einhverju móti starfi skólanna, bjóða eldri borgurum Seltjarnarness að koma reglulega að þúttu en umfram allt að gera starf klúbbsins betra og öflugra allt árið um kring fyrir hinn almenna félagsmann. Þá mun golfkennari klúbbsins hafa



sína aðstöðu á staðnum og geta boðið upp á mun betra umhverfi til kennslu en hún er í dag.

Framundan er mikil vinna við lagfæringar og endurbætur á húsnæðinu til þess að sníða það eftir þeim þörfum sem liggja fyrir. Búið er að setja saman hóp nokkurra félagsmanna sem mun sjá um að leiða það verkefni áfram. Í framhaldinu verður svo leitað til allra félagsmanna um að leggja hönd á plóg í sjálfboðavinnu því næg eru verkefni.

Stjórn klúbbsins sér fram á miklar betrubætur fyrir allt vetrarstarf klúbbsins og er afar stolt af því að hafa náð að klára þennan samning.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996



Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvornig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnunsmann annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bíl.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bilþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Bæjarframkvæmdir 2016

„Í sumar ætlum við að leggja hjólastíg allt frá bæjarmörkunum við Reykjavík út á Snoppu. Þetta er bæði góð og þörf framkvæmd. Hjólréiðar eru alltaf að aukast og þær eiga ekki nægilega góða samleið með göngufólki. Því er mikil þörf á því að byggja bæði göngu- og hjólastíga jafnvel þótt að þeir liggja samhliða,“ segir Gísli Hermannsson sviðsstjóri umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar í spjalli við Nesfréttir um framkvæmdir á vegum bæjarfélagsins á komandi sumri.

Af öðrum framkvæmdum sem áformað er að ráðast í á komandi sumri nefnir Gísli að búið sé að hanna lagfæringar umhverfis Valhúsaskóla. Byrjað verði á að malbika körfuboltavöllinn en síðan verði að sjá til með hvort ráðist verði í meira í sumar en áformað sé að bæta aðkomuna að skólanum með ýmsum lagfæringum meðal annars hellulagningu og fleiri aðgerðum. Ekki sé enn búið að ákveða nákvæmlega hversu mikið verður unnið í sumar en það ætti að liggja fyrir bráðlega. Einnig sé ætlunin að lagfæra aðkomuna að stjórnskoðunarstöðinni. Meðal annars að byggja hringstíga til þess að auðvelda aðkomu að stjórnskiðinum.

Langt komið að hanna lagnir á Bygggarðasvæðinu

„Nú er unnið að endurhönnuð allra lagna á Bygggarðasvæðinu og er sú vinna að nálgast

lokastig. Allar lagnir á þessu svæði eru gamlar og miðaðar við þá starfsemi sem hefur verið þar. Til þess að Bygggarðarnir verði nýtanlegir fyrir íbúðabyggð eins og áformað er þarf að endurnýja allar lagnir bæði vatnslagnir, hitalagnir og skolplagnir. Þetta kallar á mikla jarðvinnu og er í rauninni mikið verk sem verður að vinna áður en hægt er að hefja byggingaframkvæmdir. Einnig þarf að ganga frá stofnlögnum vegna blokkanna á Hrólfsskálamelnum. Svo er stórt verk að fara af stað en skipta á um gervigras á ípróttasvæðinu og fjarlægja allt yfirborð þar sem dekkjakurl er að finna. Ætlunin er að ljúka þessu sem allra fyrst en þetta er framkvæmd upp á um 75 milljónir króna.“ Gísli segir um aðrar framkvæmdir að þær megi teljast til viðhaldsframkvæmda. „Við erum að lagfæra malbik á ýmsum stöðum og einnig stéttina upp að horninu á sundlauginni sem verður að teljast ónýt. Einnig þarf að huga að merkingum og upphækkunum á götum og lagfæra það sem þarf



Gísli Hermannsson sviðsstjóri umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar.

vegna umferðaröryggisáætlunarinnar sérstaklega að svæðum sem tengjast leik- og grunnskólum.

Mikilvægt að ljúka dælustöðinni

Og þá er komið að dælustöðinni við Elliða en með henni mun fráveitufamkvæmdum ljúka og fjörur Seltjarnarness verða lausar við skolpmengun. Gísli segir að þetta hafi tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir meðal annars af tæknilegum örðugleikum en nú sé búið að finna lausn á þeim. „Við skulum vona að byggingu hennar, sem er á lokastigi, verði lokið fyrir haustið svo Seltirningar geti séð fram á langþráðar hreinar fjörur. Í mínum huga er mikilvægt að geta lokið þessu verki fyrir veturinn.“

Nefnd í áhaldahússmálið

Áhaldahús fyrir Seltjarnarnesbæ hefur verið nokkuð í umræðunni og sitt sýnist hverjum um staðsetningu þess og byggingu. Gísli segir að núverandi staðsetning þess við Norðurströndina sé ekki heppileg vegna nágrennis við íbúðabyggð. „Ég skil það fólk vel sem vill hafa annað útsýni en vinnuvélar og umferð stórra ökutækja fyrir framan gluggana hjá sér. Vandinn er einkum að finna hentugan stað fyrir þessa starfsemi á Seltjarnarnesi. Eitt af því sem gæti komið til greina er að kaupa eða leigja hús Slysavarnafélagsins Landsbjargar við höfnina. Þetta hefur ekki verið rætt til hlítar við forsvarsmenn þess en næsta skref er að koma á fót vinnuhóp á vegum bæjarstjórnarinnar til þess að kanna hvaða leiðir verði færar í málinu.“



Safaríkt sumar!



BESTA NÆRINGIN Í SUMAR?

Súrdeigssamlukur, þeytingar, kaffi, grautar, croissant, te, kökur og margt, margt fleira úr allra besta hráefninu.



FLOTHETTAN

– fyrir meiriháttar sumar!

Innanlands sem utan.

LÆKKAD VERÐ:
16.500 kr.



MÖNTRU ARMBÖND

– á strönd og í sveiti!

Silfruð, gyllt, rósagull.

Gefandi möntrur/þulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



25 - 50%
AFSLÁTTUR
Í MAÍ



JÓGA- & ÞÆGINDAFÖT

Lífræn, notaleg, falleg & Fair Trade.

Framtíðin er núna.

HARMONIE KOMIÐ Á NÝ

Dr Bach ilmvatn sem færir ró og notalega tilfinningu. Vanilla, filja, vatnsmelóna. ECOCERT vottaðir. Án allra aukafna. 6 teg.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

Færri byggingar og lægri á Seltjarnarnesi

... aðstaða fyrir fjölbreyttan samgöngumáta og líf á Eiðistorgið

Færri byggingar og lægri var eitt af því sem fram kom hjá íbúum sem sóttu kynningarfund um skipulag sem haldinn var í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi 16. apríl sl. Tilefni fundarins var skipulag miðbæjarsvæðisins og kynning á vinningstillögu Kanon arkitekta. Hátt í 90 manns sóttu fundinn og komu ýmsar áhugaverðar hugmyndir fram hjá fundargestum.

Í umræðum um húsnæðismál komu þau sjónarmið fram að fjölga bæri íbúum á Seltjarnarnesi en einnig þau að best væri að halda í horfinu. Þeir sem töluðu fyrir fjölgun nefndu að hætta væri á stöðnun eða afturför og að grundvöllur fyrir sterku skóla- og félagsstarfi myndi rýrna án nýrra íbúa. Aðrir bentu á að styrkur Seltjarnarness fælist einkum í fámenni og nálægð við stjórnsýslu bæjarfélagsins. Bent var á að nýjar íbúðir ættu að vera í minni kantinum – tveggja til þriggja herbergja íbúðir á bilinu 60 til 100 fermetra. Einnig komu þau sjónarmið fram að hæð bygginga á Seltjarnarnesi ætti að miðast við tvær til þrjár hæðir og einnig að nokkru leyti við þarfir



Hugmynd Kanon arkitekta að Eiðistorgi framtíðarinnar.

eldri borgara og yngra fólks. Varað var við fordæmi af nýbyggingum í bænum sem væru ekki góð með tilliti til möguleika ungs fólks að kaupa sér íbúðir þar sem verðlagið væri mjög hátt.

Fólk vill ekki færa leikskólann

Mikil gagnrýni kom fram á skipulagshugmyndina sem fyrir liggur um of mikið byggingamagn og einnig hæð húsa sér í lagi á reitum M2 og M3. Fólk taldi að of há hússkyggi á útsýni frá íbúðum sem fyrir eru og sumar nýlega reistar. Þá taldi fólk ekki koma að sök þótt það þýddi að nýjar íbúðir yrðu færri. Einnig kom fram að skoða þurfi skipulagið með hliðsjón af Hrólfsskálamel og skipulaginu þar ásamt því að draga næsta svæði kirkjunnar inn í vinnuna. Fólk virtist annþing um staðsetningu leikskólans og telur hann á góðum

stað á M2 reitnum. Í athugasemdum segir að hugsanlega mætti reisa nokkra lágreiða byggð án þess að flytja hann. Við flutning myndast sú spurning hvar unnt yrði að koma honum fyrir. Fólk líkar staðsetning leikskólans vel einkum vegna legu gagnvart umferð á leið úr bænum og vegna skjólsældar.

Eldri borgarar, kaffihús og bæjarskrifstofur á Eiðistorgi

Áhugaverð umræða kom fram um að nýta fjölbætta þjónustu á Eiðistorgi fyrir eldri borgara og að koma félagsstarfi þar fyrir í opnu og aðgengilegu rými þar sem að sækja megi mat á veitingastað á torginu á sömu kjörum og að fá heimsendann mat. Ýta mætti enn frekar undir þetta með því að byggja upp íbúðir fyrir eldra fólk á og við Eiðistorgið. Mjög margir nefndu að kaffihús yrði góð viðbót við torgið. Fólk myndi gjarnan vilja sjá fjölbreytni í

verslunum á torginu og auka bæri sérvörverslun. Varðandi stöðu Hagkaupa á torginu komu fram ýmis sjónarmið, nokkrir töldu að búðin þyrfti mótvægi, aðrir að hún þyrfti að vera þannig staðsett að hún dragi fólk gegnum verslunarsvæðið. Þá voru mjög skiptar skoðanir á því hvort Bónus ætti að hafa búð á torginu eða ekki. Nokkrir nefndu að gott væri að hafa bensínstöð í bænum en skiptar skoðanir voru um hversu nauðsynlegt væri að hafa banka. Rætt var um að hótél eða gististaður gæti verið góð hugmynd. Einnig var nefnt að kostur væri ef bæjarskrifstofurnar væru nær Eiðistorgi.

Suðurströnd í stökk undir Nesveg

Fundarmenn töldu mikilvægt að skapa aðstöðu fyrir fjölbreyttan samgöngumáta og tryggja öryggi vegfarenda með aðgreindri umferð. Til dæmis mætti nota tækifærið til að byggja upp aðgreinda stíga fyrir hjólandi umferð og bæta aðstöðu fyrir gangandi. Rætt var um hvort unnt væri að koma upp einhverskonar mislægum gatnamótum við Nesveg og Suðurströnd í mismunandi útfærsla þó. Oftast var rætt um að Suðurströnd yrði lögð í stökk undir Nesveg. En aðrar útfærslur kölluðu á gerð undirganga fyrir gangandi vegfarendur á leið yfir Suðurströnd eða að þar yrði byggð göngubrú. Við Norðurströndina var m.a. rætt um að umferð bíla myndi aukast einkum með auknum ferðamannastraum. Rætt um að lækka hámarkshraða þar og auka mætti myndavélaeftirlit.



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Gólfdukkur skynsamleg, smekkleig og hagkvæm lausn



Eldhúsið

hjarta heimilisins

Svefnherbergið

þægilegt andrúmsloft

Forstofan

einfaldara verður það ekki

Stofan

alltaf jafn heimilislegt

Baðherbergið

hlýtt og mjúkt undir fæti

Forbo

Heimilisdukkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með
gólfdukk og teppi

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Íslandsmótið í skák verður á Seltjarnarnesi

Íslandsmótið í skák fer fram í Tónlistarskóla Seltjarnarness 31. maí - 11. júní nk. Þar verður boðið upp á frábærar aðstæður bæði fyrir skákmenn og áhorfendur. Taflmennskan hefst kl. 15 alla daga. Engin aðgangseyrir. Hægt verður að fylgjast með meisturunum að tafli og einnig verður hægt að fylgjast með skákunum á stórum skjám.

Keppendalistinn í ár er bæði sterkur og afar athyglisverður. Meðal keppenda eru Héðinn Steingrímsson og Hjörvar Steinn Grétarsson sem börðust hatramlega um sigurinn í fyrra. Þar hafði Héðinn betur. Jóhann Hjartarson tekur þátt rétt eins og í fyrra en þá tók hann þátt í fyrsta skipti í 18 ár. Á keppendalistanum eru fjórir stórmeistarar, fjórir alþjóðlegir meistarar, tveir FIDE-meistarar og feðgar. Auk feðganna Jóhanns Ingvasonar, sem fékk keppnisrétt eftir sigur í áskorendaflokki og Arnar Leós

Jóhannssonar, sem fékk keppnisrétt sem Unglingameistari Íslands, tefla bræðurnir og alþjóðlegu meistararnir Bragi og Björn Þorfinnssynir.

Fjórir keppendanna hafa hampað Íslandsmeistaratitlinum. Jóhann er fimmfaldur meistari (1980, 1984, 1994-95 og 1997) og Héðinn er þrefaldur meistari (1990, 2011 og 2015). Jón Viktor Gunnarsson hampaði Íslandsmeistaratitlinum árið 2000 og Guðmundur Kjartansson árið 2014.

Keppendalistinn:

Hjörvar Steinn Grétarsson, Héðinn Steingrímsson, Jóhann Hjartarson, Stefán Kristjánsson, Guðmundur Kjartansson, Jón Viktor Gunnarsson, Bragi Þorfinnsson, Björn Þorfinnsson, Davíð Kjartansson, Guðmundur S. Gíslason, Örn Leó Jóhannsson og Jóhann Ingvason.



Um 600 manns á Gróttudeginum



Gróttudagurinn var haldinn hátíðlegur laugardaginn 30. apríl.

Gera má ráð fyrir að um 600 manns hafi komið í þessa fjölbreyttu og skemmtilegu dagskrá sem boðið var upp á og allir nutu í botn.



Myndlistaskólinn í Reykjavík

Fjölbreytt og spennandi nám í myndlist og hönnun á framhalds- og háskólastigi

Sjónlistadeild - listnámsbraut:

Tveggja ára nám til stúdentsprófs
Eins árs listnám ætlað fólki með stúdentspróf

Tveggja ára diplómanám fyrir fólk með stúdentspróf af listnámsbraut:

Keramík – hönnunarnám með áherslu á fjölbreytta efnisþekkingu og verklag

Teikning – áhersla á fjölbreytta teiknitækni, myndskreytingar, myndræna frásögn og teiknimyndagerð

Textill – hönnunarnám með ríka áherslu á efnisþekkingu og verklag

Málaralist - ný námsbraut, fjölbreytt tækni og hugmyndavinna

Umsóknarfrestur er til 23. maí

www.myndlistaskolinn.is/umsokn

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Hringbraut 121, 101 Reykjavík • sími: 5511990

UMHVERFISNEFND

KÆRU BÆJARBÚAR
VERNDUM FRIÐLANDIÐ GRÓTTU

EINS OG KOMIÐ HEFUR FRAM Í BÆKLINGI SEM UMHVERFISNEFND SENDI BÆJARBÚUM NÝLEGA PÁ ER GRÓTTA LOKUÐ FRÁ 1. MAÍ TIL 15. JÚLÍ. ÞETTA ER VEGNA VERNDUNAR VARPS Í FRIÐLANDINU. UMHVERFISNEFND ÓSKAR EFTIR SJÁLFSBOÐALIÐUM TIL VÖKTUNAR GRÓTTU ÞETTA TÍMABIL.

ÞEIR BÆJARBÚAR SEM VILJA AÐSTOÐA OKKUR VIÐ ÞETTA VERKEFNI VINSAMLEGAST HAFIÐ SAMBAND VIÐ postur@seltjarnarnes.is EÐA GYÐU Í SÍMA 595 9100.

Viðtal við Gunnar Þór Bjarnason

Með ástríðu fyrir sögu

Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur sendi frá sér bók á liðnu ári. Bókin ber heitið Þegar siðmenningin fór fjandans til. Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918. Hún fjallar um heimsstyrjöldina fyrri sem hófst eftir langt tímabil friðar og hagsældar í Evrópu. Bókin hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðibóka og rita almenns efnis og í henni segir Gunnar frá tildrögum styrjaldarinnar, fjallar um tilgangsleysi hennar og afleiðingar og síðast en ekki síst hvaða áhrif hún hafði hér á landi. Þetta eru ekki fyrstu bókaskrif Gunnars því árið 2012 kom út eftir hann bókinn Upp með fánann! Baráttan um uppkastið 1908 og sjálfstæðisbarátta Íslendinga. Sú bók fékk einstaklega góðar viðtökur, var meðal annars tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Gunnar býr á Seltjarnarnesi ásamt eiginkonu sinni, Jóhönnu Einarsdóttir talmeinafræðingi, og spjallar að þessu sinni við Nesfréttir, meðal annars um það hvað honum finnst svo heillandi við það tímabil sem hann fjallar um í nýjustu bók sinni.

„Ég var um tvö ár að skrifa bókina og hún kom út fyrir síðustu jól,“ segir Gunnar. „Hún fjallar um Íslendinga og heimsstyrjöldina fyrri og margir hafa tekið eftir heitinu. Þetta er bein tilvitnun í Héðinn Valdimarsson. Hann var við nám í Kaupmannahöfn 1914 og skrifaði móður sinni um það leyti þegar styrjöldin var að breyta á og sagði að ef þau ósköp myndu skella á, sem útlit væri fyrir, væri siðmenningin farin til fjandans og við kæmum til með „að lifa í hálfgerðu barbarí okkar stutta líf“. Mér fundust þessi orð Héðins lýsa nokkuð vel andrúmsloftinu á þessum tíma, hvað þetta var mörgum mikið áfall. Við höfum ekki fjallað mikið um fyrri heimsstyrjöldina hér á landi. Það liður varla ár svo ekki komi út ein eða jafnvel nokkrar bækur um síðari heimsstyrjöldina en sú fyrri er rötin að svo mörgu sem gerðist áratugin á eftir og jafnvel fram á okkar daga – nægir að nefna byltinguna í Rússlandi, nasismann í Þýskalandi og átök í Miðausturlöndum. Mig langaði til að fjalla um þetta tímabil og tengja Ísland við það. Bókin er því blanda af almennri sögu og Íslandssögu. Ég reyni að lýsa stríðinu frá sjónarhóli



Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur.

Ljósmynd: Anna Lís Ólafsdóttir.

Íslendinga og nota af þeim sökum mest íslenskar heimildir þótt verið sé að fjalla um atburði sem áttu sér stað erlendis. Markmiðið með því er að sjá hvernig Íslendingar skynjuðu þetta og hver viðhorf þeirra voru.“

Stríðið mikla

Gunnar segir að bókin falli eftir tveimur farvegum. „Annars vegar er það saga stríðsins og síðan áhrif þess hér á landi og viðhorf Íslendinga til þess. Þetta var risavaxinn atburður sem mér finnst hafa mikla skírskotun til nútímans. Það er ekki að ástæðulausu sem fyrri heimsstyrjöldin er víða enn kölluð „stríðið mikla“. Í áratugi hafði ríkt friður milli evrópsku stórveldanna. Mikill uppgangur hafði átt sér stað og tækninýjungar komu fram á sjónarsviðið. Þess vegna varð stríðið svo mikið áfall. Ég legg mesta áherslu á fyrri hluta stríðsins, upphaf þess og orsakir. Aðdragandinn hefur mikla skírskotun til nútímans og samskipta ríkja nú á tímum, finnst mér. Ýmislegt í dag minnir óþægilega mikið á árin fyrir heimsstyrjöldina fyrri. Það þarf ekki mikið til að allt fari til fjandans.“ Gunnar segir ekki þurfi annað en að ráðmenn fari á taugum og taki rangar ákvarðanir. Það hafi sýnt sig við upphaf fyrri heimsstyrjaldar.

Hann bendir á að þegar kommúnisminn féll 1989 hafi menn nánast tekið upp þráðinn þar sem fyrri heimsstyrjöldinni lauk. Blóðugar deilur hafi brotist út á Balkanskaganum – nánast á sama stað og heimsstyrjöldin hófst 1914. „Þetta var hugmyndin á bak við bókina og svo hófst vinna. Hún var tímafrek því kanna þurfti mikið heimildamagn. Ég byggði íslenska hlutann einkum á innlendum blöðum og öðrum íslenskum heimildum en kynnti mér einnig skrif erlendra fræðimanna og það sem nýjustu rannsóknir hafa fram að færa.“

Að skrifa á mannamáli

Gunnar segir að þótt bókinn sé í eðli sínu fræðirit þá hafi hann lagt sig fram um að skrifa hana á mannamáli, ef svo megi taka til orða, segja spennandi sögu sem höfðar til almennra lesenda. „Mér finnst mikilvægt að fram komi að bókin er ætluð almenningi til lestrar. En þetta getur verið vandratað einstigi – að vísa í heimildir og byggja á fræðilegri og traustri undirstöðu en jafnframt að gera textann nægilega aðgengilegan og þægilegan aflestrar.“ Gunnar er staðráðinn í að halda ótrauður áfram að skrifa bækur um sögu. „En þetta er hark, mikil og seinleg vinna. En fyrst og

fremst er þetta þó skemmtilegt enda ástríða mín og áhugamál í senn.“

Hef sterkar taugar til Ísafjarðar

Gunnar er Ísafirðingur, fæddur þar og uppalinn. Hann segir gott hafa verið að alast upp á Ísafirði og leika sér þar sem barn á milli fjalls og fjöru. „Fjölskylda mín bjó við Engjavegin í efstu húsaröðinni og maður gat eiginlega rennt sér á skíðum inn í eldhúsið heima. Móðir mín er Gunnþórunn Björnsdóttir en faðir minn Bjarni Guðbjörnsson sem nú er látinn. Hann var lengi útibússtjóri Útvegsbankans á Ísafirði. Þegar ég var tíu ára var hann kjörinn á þing og eftir það bjuggum við í Vesturbænum í Reykjavík þar sem ég gekk í skóla en við vorum í nokkur ár eftir það alltaf á Ísafirði á sumrin. Þannig hef ég mjög sterkar taugar til Ísafjarðar þótt ég hafi farið það snemma að vináttan við flesta æskufélaga hafi rofnað.“

Söguáhuginn vaknar

„Í Vesturbænum í Reykjavík fór ég þessa hefðbundnu leið; í Melaskólann, Hagaskólann og þaðan í MR. Ég fékk snemma áhuga á sögu og var staðráðinn í að læra



Skotgrafahernaðurinn varð tákn heimsstyrjaldarinnar fyrri. Bresk skotgröf í Norður-Frakklandi í júlí 1916. Einn hermaður stendur vaktina, hinir sofa.

sagnfræði í háskóla. „Gunnar segir að sá áhugi hafi fyrst vaknað eftir að hann hafi tíu ára gamall horft á fræga þætti um heimsstyrjöldina fyrri sem gerðir voru af BBC og voru sýndir hér. „Ég horfði á þá hugfanginn og það, ásamt öðru, ýtti mér síðan út í sagnfræðinámið löngu síðar. Mér hefur alltaf fundist saga vera heillandi. Ef til vill hefur Jónas frá Hriflu átt einhvern þátt í því vegna þess að maður las Íslandssögu Jónasar í barnaskóla. Hvað sem um Jónas og hans söguskrif má segja þá var hann leiftrandi penni og Íslandssaga hans bráðskemmtileg. Í MR var ég svo heppinn að hafa Vilmund Gylfason sem sögukennara í tvo vetur. Hann var einstakur og kynnti enn frekar undir söguáhuganum.“


Frá Þýskalandi í Hlíðarnar

Á menntaskólaárunum kynntist ég Seltjarnarnesi því einu ári á eftir mér í skóla var tilvonandi eiginkona mín, Jóhanna Einarsdóttir, sem er fædd og uppalin á Nesinu. Foreldrar hennar eru Einar Þórðarson rafvirki og Thelma Grímsdóttir sem lengi

starfaði í Landsbankanum. Þau hafa búið á Seltjarnarnesi í meira en hálf öld og gera enn.“ Þannig hefur Seltjarnarnes raunverulega alltaf verið í seilingarfjarlægð frá okkur og strákarnir voru mikið hjá afa og ömmu á Nesinu. Að loknu stúdentsprófi stunduðu Gunnar og Jóhanna bæði háskólanám hér heima. Að því loknu lá leiðin til Þýskalands þar sem þau voru við framhaldsnám í nokkur ár. „Jóhanna er talmeinafræðingur og háskólakennari. Hún hefur sérhæft sig í stami og skrifaði doktorsritgerð um það. Þegar við komum heim frá Þýskalandi keyptum við okkur íbúð í Hlíðunum í Reykjavík og bjuggum þar í aldarfjórðung. Við eigum þrjá drengi og þegar sá yngsti var langt kominn með menntaskólanámið fluttum við hingað út á Nes í heimahaga konunnar. Ég sé ekki eftir því.“

Návígi við náttúruna

Gunnar segir að gott hafi verið að búa í Hlíðunum. Þaðan er stutt í allar áttir og skólar á næstu grösum – alveg frá leikskóla og upp



Frægasta áróðursspjald allra tíma? Það er frá heimsstyrjöldinni fyrri. Maðurinn er Kitchener lávarður, hermálaráðherra Breta.

í menntaskóla og jafnvel háskóla því á þeim tíma hafi Háskólinn í Reykjavík verið til húsa við Listabrautina rétt við Kringluna. „Við vorum góðu vön úr Hlíðunum en það er ákaflega gott að búa á Nesinu. Mig hafði lengi dreymt um að vera nálægt sjó sem er örugglega arfur frá Ísafirði. Jóhanna er mikill hlaupa- og göngugarpur. Við göngum mikið og hjólum. Og það er frábært að vera í svona miklu návígi við náttúruna og fuglalífið út við Gróttu. Og útsýnið er auðvitað einstakt. Mér finnst fólk oft ekki átta sig á því hvað maður er nálægt náttúrunni á Seltjarnarnesi. Fuglalífið er stórkostlegt sjónarspil, sérstaklega á vorin og sumrin, og fleira mætti nefna. Ég er alla vega alsæll með búskapinn hér og Jóhanna er á vissan hátt komin heim. Hér búa foreldrar hennar og margir vinir. Svo verð ég að nefna eitt Seltjarnarnesi sérstaklega til ágætis en það er sundlaugin. Ég fer nánast á hverjum degi í sund, að

minnsta kosti í heita pottinn. Maður er eiginlega orðinn háður því.“

Finnst ég hafa allt á Nesinu

Gunnar kveðst einnig vera kominn á kunnuglegar slóðir sem gamall Vesturbæingur. „Ég fékkst lengi við kennslu við Fjölbautaskólann í Breiðholti og sinnti einnig stundakennslu við Háskóla Íslands. Ég hætti framhaldsskólakennslu fyrir nokkrum árum. Fannst nóg komið. Mig var farið að langa til þess að skrifa og það er erfitt að skrifa bækur samhliða fullu starfi. Ég er þó ekki alveg hættur kennslu, kenni enn við Háskóla Íslands og hef þar vinnuáðstöðu. Mér finnst ég hafa allt hér á næstu grösum. Það tekur ekki nema rúmar tíu mínútur að hjóla upp í háskóla, stutt er niður í miðbæ, í verslanir og flesta þjónustu og svo framvegis. Við unum hag okkar ákaflega vel hér á Nesinu og erum ekkert á förum héðan.“

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

**MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN**



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30

Burt með unga fólkið, gamlingjana, öryrkjana og lágtekjufólkið!

„Every action has an equal and opposite reaction“. Þannig hljómar þriðja lögmál Sir Isaacs Newtons en í grunninn má yfirfæra það á að allar aðgerðir kalla á viðbrögð og hafa afleiðingar. Ég ætla ekki að gerast svo harðorður að lýsa því yfir að síðastliðin 40 ár hafi verið rekin stefna í bæjarstjórn Seltjarnarness sem byggir á því að flæma ungt fólk, aldraða, öryrkja og lágtekjufólk burt úr bæjarfélaginu, en ef lítið er á stöðuna eins og hún blasir við okkur í dag þá er hún ansi svört.

Staða ungs fólks á fasteignamarkaðnum í dag er erfið, en á Seltjarnarnesi er hún nánast ómöguleg. Bæjarstjórn selur allar sínar lóðir hæstbjóðanda, keyrir upp fasteignaverð og lítur ekki til fjölbreyttra eignarforma.

Varðandi aldraða þá hefur Seltjarnarnesbær haft fjármagn frá ríkinu til að byggja hjúkrunarheimili frá árinu 2010. Heimilið átti að vera tilbúið árið 2013, tvö ár eru frá fyrstu skóflustungu og enn er ekki búið að bjóða út verkíð.

Á síðasta ári seldi bærinn tvær félagslegar íbúðir þrátt fyrir að biðlisti sé eftir félagslegum íbúðum. Íbúðirnar voru seldar vegna þess að þær töldust ekki henta sem félagslegar íbúðir og kaupa átti nýjar. Þrátt fyrir að undirritaður hafi sent þó nokkrar fasteignaauglýsingar á bæjarstjórn og fjármálastjóra hefur engin íbúð verið keypt.

Nú á þessu ári fengu svo íbúar

á sambýlinu við Sæbraut tilkynningu um að loka ætti sambýlinu og flytja íbúa þess upp í Breiðholt. Seltjarnarnesbær er svo lítið inni í málefnum fatlaðs fólks í sínu eigin sveitarfélagi að bæjarfulltrúar fréttu af flutningunum í blöðunum og í ljós kom að engin stefna eða úrræði er til í sveitarfélaginu til að bregðast við stöðunni.

Meirihluti bæjarstjórnar gefur upp ýmsar ástæður fyrir þessari slæmu stöðu og líkt og hjá íþróttalíðum sem ganga illa er alltaf hægt að kenna dómáranum, andstæðingunum, vellinum og fleiri þáttum sem spila inn í um slæma stöðu og axlað þannig enga ábyrgð á eigin ákvörðunum. En í grunninn er þetta ekkert flókið, þessi vonda staða sem blasir við bænnum er afleiðing þeirra aðgerða og þess aðgerðaleysis sem meirihluti bæjarstjórnar ber ábyrgð á. Það er löngu tímabært að við myndum okkur nýja stefnu í húsnæðismálum með það að markmiði að byggja upp fjölbreytt húsnæði fyrir alls konar Seltirninga.

Guðmundur Ari Sigurjónsson
Bæjarfulltrúi Samfylkingar
Seltirninga



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Urtagarðurinn stækkaður í sumar

... fréttáannáll 2015 frá Urtagarðinum í Nesi



Blóðkollur eða *Sanguisorba Officinalis* er ein af lækningaplöntunum sem danskir lyfsalar áttu að rækta og eiga í apótekum sínum árið 1772.

Urtagarðurinn í Nesi er nú að hefja sitt sjöunda starfsár. Í garðinum eru til sýnis jurtir sem talið er að hafi verið ræktaðar í Nesi til nytja eða lækninga á árunum 1760 – 1834 eða nýttar af alþýðu manna til lækninga á sama tíma. Sumarið 2015 var bætt við jurtum sem nýlegar fornleifarannsóknir við Skriðuklaustur gefa til kynna að hafi verið ræktaðar þar á miðöldum. Þar á meðal er eintak af eplatré af fornun stofni sem fannst í nágrenni við Þrándheim og var flutt inn frá Noregi sérstaklega. Per Arvid Åsen, grasafraeðingur frá Agder í Noregi og fræðimaður á sviði sögu klausturgarða á Norðurlöndum studdi faglega við þessa vinnu og var auk þess gestur á málþingi um rannsóknir á ræktun í klausturgörðum á Íslandi síðla sumars.

Garðurinn er alltaf opin og yfir sumartímam hefur verið tekið á móti gestum í samstarfi við söfnin í Nesi, bæði Nesstofu og Lyfjafraeðisafnið. Góðir gestir hafa sótt garðinn heim á liðnu ári og má þar vísa á umfjöllun í útvarpsþáttum Lisu Pálsdóttur á RÚV sem heitir Flakkarinn. Þar var í nóvember sem leið fjallað um Nesstofu, Lyfjafraeðisafnið, Valhúshæð og náganna hennar Vilhjálmi Lúðvíksson og Áslaugu Sverrisdóttur. Í haust sótti maður að nafni Stephen Barstow garðinn heim og gerði honum ítarleg

skil á vef sínum, sjá hér www.edimentals.com undir möppunni: The Herbal Garden of Nes (http://www.edimentals.com/blog/?page_id=2956). Stephen safnar upplýsingum um ræktun nytjajurta víða í heiminum og er þekktur fyrir umfjöllun um ræktun matjurta og nýtingu valdra skrautjurta einnig til matar. Það er ánægjulegt að sjá hve mikinn áhuga hann sýnir Urtagarðinum.

Garðurinn stækkaður í sumar

Á vegum Urtagarðsins hefur verið stutt við rannsóknir á ræktunarsögu Björns Jónssonar lyfsala í Nesi sérstaklega. Frá því garðurinn var stofnaður hefur Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir sagnfræðingur fundið ritaðar heimildir um ræktun í Nesi sem ekki var áður þekkt, m.a. að þar hafi verið ræktaðir berjarunur og ávaxtatré strax á átjándu öld. Nú er stækkun á garðinum fyrirhuguð á sumri komandi og þá verður sýningin aðlöguð að breytti þekkingu á ræktunarsögu Seltjarnarness. Gaman væri að sjá leikskóla og skóla Seltjarnarness sækja garðinn heim vor og haust og má benda á að Þjóðminjasafnið hefur útbúið fræðslufni sem getur stutt við slíkar heimsóknir.

Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður stjórna Urtagarðsins í Nesi.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



SAMAN



Ríkislögreglustjórn

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

LEIKHÚS - GRILL OG FERÐALÖG.

Fjölbreytt dagskrá hefur verið í gangi hjá eldri bæjarbúum á Seltjarnarnesi síðastliðnar vikur. Í aprilmánuði fengum við heimsókn frá hjúkrunarfræðingi sem hélt erindi og ræddi um nauðsyn hreifingar fyrir eldri borgara almennt. Einnig fengum við heimsóknir söluvenna þar sem boðið var upp á skart, handverki og snyrtivörur. Fjölmennt var á söngleikinn Mamma Mia í Borgarleikhúsinu fimmtudaginn 29. apríl. Stórkostleg sýning í alla staði og áhugi hjá mörgum að stefna á að endurtaka leikhúsferð á sömu sýningu á haustmánuðum. Árlegur vorfagnaður var svo haldinn í salnum á Skólbraut þriðjudaginn 3. maí sl. Grillvagninn sá um matinn, Eggert Guðmundsson lék á gítar undir fjöldasöng og Sveinn Sigurjónsson lék á harmonikku og stýrði dansi. 50 manns tóku þátt í gleðinni og var það samdóma álit allra að maturinn hafi verið í sérflokki og kvöldið skemmtilegt.

50 manna hópur lagð síðan leið sína í sameiginlega ferð kirkjunnar og félagsstarfsins í Grundarfjörð þriðjudaginn 10. maí. Ferðin gekk í alla staði mjög vel, veðrið gott og hádegisverður snæddur á glæsilegum veitingastað Bjargarsteini þar sem borinn var fram dýrindis súpa. Þá heimsóttum kirkjuna þar sem sóknarpresturinn Aðalsteinn Þorvaldsson tók á móti hópnum og sagði sögu kirkjunnar. Þaðan var haldið í Bjarnarhöfn þar sem Hildibrandur Bjarnason hinn eini sanna sýndi okkur kirkjuna og safnið á staðnum, þar sem allir fengu sinn skammt af sögum, hákarli og harðfíski. Eftir 10 tíma ferðalag var hópnum skilað heilum heim, glöðum en nokkuð þreyttum.

Allir fastir dagskrárliðir félagsstarfsins hafa verið mjög vel sóttir það sem af er vetri og er það ánægjuefni. Hefðbundnu vetrarstarfi lýkur svo með handverkssýningunni í lok maí.

HANDVERKSSÝNING: HANDVERKSSÝNING FÉLAGS OG TÓMSTUNDASTARFS ELDRI BÆJARBÚA Á SELTJARNARNESI OPNAR FÖSTUDAGINN 27. MAÍ OG STENDUR YFIR TIL SUNNUDAGSINS 29. MAÍ. Á SÝNINGUNNI GEFUR AÐ LÍTA AFRAKSTUR VETRARSTARFSINS Í HANDAVINNU, GLERI, LEIR OG LIST, TRÉÚTSKURÐI OG BÓKBANDI. SÝNINGIN ER OPIN SÝNINGARDAGA FRÁ KL. 14.00 – 18.00. KAFFISALA, VÖFFLUR SÖLUHORN.

SUMARIÐ: Félags og tómstundastarfið heldur áfram í sumar með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin sumur. Dagskráin liggur ekki endanlega ljós fyrir ennþá en verður auglýst fljótlega.

Í samvinnu við Selið og bæjaryfirvöld fáum við ungt fólk til starfa með eldri bæjarbúum. Til stendur að bjóða upp á tölvunámskeið þar sem fléttað verður inn kennslu á snjallsíma og lpad og verður það auglýst fljótlega ásamt öðrum dagskrárliðum sumarsins.

SUMARFERÐIN: ÁRLEG SUMARFERÐ FÉLAGS OG TÓMSTUNDASTARFSINS VERÐUR FARIN FIMMTUDAGINN 7. JÚLÍ. TIL STENDUR AÐ FARA Í BORGARFJÖRÐINN, HEIMSÆKJA PÁL Á HÚSAFELLI, SKOÐA NÝJA HÓTELID OG NÁGRENNI HÚSAFELLS. FERÐINNI LÝKUR Á LANDNÁMSSETRINU Í BORGARNESI EN ÞAR ÆTLUM VIÐ BÆÐI AÐ SKOÐA, FRÆÐAST OG SNÆÐA KVÖLDVERÐ. FARARSTJÓRI FERÐARINNAR VERÐUR SEM FYRR KRISTJÁN BALDURSSON. Allar nánari upplýsingar um ferðina og félagsstarfið almennt er hjá Kristínu í síma 8939800.

Gleðilegt sumar.

UMHVERFISHORNIÐ

Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur undanfarin ár stutt verkefnið Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs. Samstarf GFF og Grunnskóla Seltjarnarness hófst vorið 2005 á melunum og utan í rofabörðunum á Bolaöldu við rætur Vífilfells. Hér má sjá myndir frá leiðöngnum nemenda skólans. Fyrri myndin er af 5. bekkjum að ganga frá sínum klasa með áburðargjöf og fræðreifingu árið 2009. Hin myndin er af sama árgangi haustið 2012. Hann er þá kominn aftur til að kanna árangurinn sem er eins og myndin sýnir verulegur.



Fyrirkomulagið er í stórum dráttum þannig að á vorin fer GFF með nemendur 4. bekkjar til að planta í svokallaða klasa. Á haustin er svo farið með nemendur 9. bekkjar til að vakta vöxt og viðgang þeirra trjáplantna sem nemendur fyrri ára hafa gróðursett. Ekki er síst lögð áhersla á að vakta það sem þessir nemendur gerðu sjálfir fjórum árum fyrr. Vöktun þýðir að gerð er athugun á lifun og vexti plantnanna sem þýðir meðal annars að hæð og breidd eru mæld og greinamyndun og útlit metin.

Þetta fyrirkomulag, að fara með 9. bekkina í haustleiðangra og skoða eigin klasa frá því fjórum árum áður, gat eðli máls samkvæmt ekki hafist fyrr en fyrstu fjögur ár verkefnisins voru liðin. Fyrsti haustleiðangur 9. bekkina var því farinn haustið 2009. Fram að því var farið með yngri bekkji að hausti. Kynnið ykkur endilega starf GFF á vefsíðunni www.gff.is

Heimildir: Björn Guðbrandur Jónsson, framkvæmdastjóri GFF.

*F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður*

Sumarnámskeið Myndlistaskólans

í júní og ágúst



Skráning á vef skólans www.myndlistaskolinn.is

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Hringbraut 121, 101 Reykjavík • sími: 5511990



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Endurvinnsla aukin á Seltjarnarnesi

Fyrstu pokarnir fyrir plastumbúðir afhentir starfsmönnum bæjarins

Þann 12. maí síðastliðinn fékk starfsfólk á bæjarskrifstofu Seltjarnarness afhenta fyrstu plastpokana fyrir endurvinnslu- og plastumbúðir. Pokarnir, sem eru úr 100% endurunnu plasti, munu á næstu dögum berast íbúum á Seltjarnarnesi, ásamt kynningarefni um tilraunaverkefni sem SORPU og Seltjarnarnes standa saman að. Aðilar frá SORPU upplýstu starfsfólk bæjarins um þetta áhugaverða endurvinnsluverkefni með það að markmiði að auðvelda þeim að aðstoða íbúa og veita upplýsingar í framhaldinu.

Tilraunaverkefnið miðar að því að auka hlutfall plastumbúða sem fara til endurvinnslu frá íbúum á Seltjarnarnesi. Árlega má ætla að um 130 tonn af plasti fari í urðun frá íbúum með almennu heimilissorpi en aðeins um 7 tonn berast til endurvinnslu í gegnum grenndargáma og endurvinnslustöðvar.

Gert er ráð fyrir að íbúar flokki



Gyða Björnsdóttir sérfræðingur frá SORPU afhendir starfsfólki Bæjarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar fyrstu pokana ásamt kynningarefni.

plastumbúðir í pokana. Þegar poki er fullur er bundið fyrir og hann settur með almennu sorpi í gráu tunnuna. Í móttökustöð SORPU eru

pokarnir svo flokkaðir vélrænt frá öðrum úrgangi og plastið sent til Svíþjóðar til endurvinnslu.

Markmið verkefnisins er að meta

gæði og magn plasts sem berst frá sveitarfélaginu til endurvinnslu og þann kostnað sem fellur til vegna meðhöndlunar þess, ásamt því að kanna möguleikann á að nota núverandi hirðkerfi til söfnunar á plastumbúðum. Kostur fyrirkomulagsins er að ekki þarf að bæta við sérstökum tunnnum eða fjölga ferðum sorphirðubíla um götur bæjarfélagsins.

Niðurstaða verkefnisins mun nýtast SORPU og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu til að meta mismunandi söfnunaraðferðir út frá árangri í endurvinnslu og kostnaði. Það auðveldar ákvarðanatöku um framtíðarlausnir á söfnun plastefna á höfuðborgarsvæðinu.

Vonandi sjá sem flestir íbúar sér fært að vera með í mikilvægu verkefni og gefa plastumbúðum áframhaldandi hlutverk.

Nánari upplýsingar um verkefnið eru veittar hjá SORPU í síma 520 2200 og í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959-100.

VIVALDI

Mætum á völlinn í sumar og styðjum Gróttu til sigurs!

geiri

Reykjavík Apótek

errea
www.errea.is

áberandi

NESSKIP



FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

LYSI



Lengjubikarmeistarar Gróttu í B-deild 2016.

KJARAN
GÓLFEIÐNI OG SKRIFSTOFUFÚTÆKI

NES FRÉTTIR

BRIM
SEAFOOD

VEISLAN
VEITINGAELDHUS

BJÖRNBAKARI
vesturbæ

S
Systrasamlagid



Gróttumenn Lengjubikarmeistarar



Á myndinni má sjá strákana með bikarinn. Glæsilegur árangur sem setur vonandi tóninn fyrir sumarið.

Gróttumenn gerðu sér lítið fyrir og urðu Lengjubikarmeistarar í B-deild eftir sigur á Magna frá Grenivík í fjögurum leik sem fram fór í Boganum á Akureyri.

Norðanmenn voru fljótir úr startholunum og komust yfir á 4. mínútu en Jóhannes Hilmarsson var ekki lengi að svara því og jafnaði metin tveimur mínútum síðar. Viktor Segatta skoraði annað mark Gróttu á 29. mínútu en Magnamenn jöfnuðu metin skömmu fyrir hálfleik og staðan því 2-2.

Síðari hálfleikur gaf þeim fyrri lítið eftir en Brynjar Steinþórsson og Viktor Segatta komu Gróttu í 2-4 en strákunum tókst ekki að halda þeirri forystu því heimamenn skoruðu tvö mörk og tryggðu sér þar með vítaspyrnukeppni. Í henni skoruðu þeir Arnar Þór Helgason, Bjarni Rögnvaldsson og Ásgrímur Gunnarsson úr sínum spyrnum fyrir Gróttu en Stefán Ari Björnsson skellti í lás í marki Gróttu og varði hvorki fleiri né færri en þrjár vítaspyrnur og sætur 5-7 sigur því staðreynd.



Meistaraflokkar hefja keppni

Föstudaginn 6. maí hóf meistaraflokkur karla keppni á Íslandsmótinu í knattspyrnu þegar ÍR-ingar voru sóttir heim í Breiðholtið. Gróttumenn gerðu sér lítið fyrir og unnu glæsilegan 2-0 sigur á ÍR-ingum sem var fyrir mótíð spáð efsta sæti deildarinnar.

Fyrri mark Gróttumanna var einkar glæsilegt þar sem hinn 19 ára gamli Agnar Guðjónsson þrumaði boltanum í samskeytin af löngu færi. Tveimur dögum síðar

spilaði meistaraflokkur kvenna við Tindastól á Vivaldivellinum í Valtor-bikarkeppninni. Þetta var fyrsti leikurinn í sögu meistaraflokks kvenna hjá Gróttu en stelpurnar byrjuðu vegferð sína vel og leiddu 2-0 í hálfleik með mörkum frá Karen Sturludóttur og Diljá Mjöll Aronsdóttur. Í síðari hálfleik reyndust Sauðkræklingar sterkari á svellinu og höfðu að lokum 3-2 sigur en engu að síður flott frumsýning hjá Gróttustelpum.



6. flokkur kvenna eldri.

Frábær árangur 6. flokks stelpna

Stelpurnar í 6. flokki kvenna í handbolta hafa lokið keppni á þessu tímabili og náð frábærum árangri. Flokkinn skipa 17 flottar stelpur fæddar 2004 til 2005 og þær æfa þrisvar í viku. Góð liðsheild, leikgleði og metnaður við æfingar hefur verið í fyrirrúmi í vetur og það hefur leitt til þess að stelpurnar hafa tekið miklum framförum og náð frábærum úrslitum á mótum vetrarins.



6. flokkur kvenna yngri.

Yngra árið spilaði í 1. deild á öllum mótum vetrarins og var þar í hörkubaráttu um Íslandsmeistaratitilinn sjálfan. Stelpurnar sýndu frábæra takta á síðasta mótinu sem spilað var í Digranesi helgina 29. apríl - 1. maí. Þar kórónuðu þær gott tímabil með því að landa silfrinu og standa því uppi sem næstbesta lið landsins.

Eldra árið spilaði í 2. deild á öllum mótum vetrarins að utanskildu einu þeirra þar sem þær reyndu fyrir sér í 1. deild. Síðasta mót vetrarins var haldið á Húsavík helgina 22.-24. apríl og þar áttu Gróttustelpur frábært mót. Tveir sigrar, eitt jafntefli og eitt tap skiluðu stelpunum í 2. sætið í deildinni sem er frábær árangur.

30 ára afmæli fimleikadeildar Gróttu

Afmælissýning verður haldin laugardaginn 28. maí þar sem iðkendur fimleikadeildarinnar sýna listir sínar. Sýningin er haldin í tilefni af 30 ára afmæli fimleikadeildar Gróttu og farið verður yfir sögu deildarinnar í máli og myndum auk þess sem boðið verður upp á afmæliskaffi í lok sýningar.

Forsala á miðum verður þriðjudaginn 24. maí og fimmtudaginn 26. maí frá kl. 16:00 – 18:00 og kostar 1500 kr. fyrir 17 ára og eldri. Frábær skemmtun fyrir alla stórfjölskylduna. Við hlökkum til að sjá ykkur. Með vorsýningunni lýkur starfi vetrarins og við þökkum kærlega fyrir gott og skemmtilegt starf í vetur.

Forskráning fyrir næsta vetur hefst í byrjun júní inn á <http://grotta.felog.is> Í sumar verður fimleikadeildin með fimleikaskóla fyrir 6-9 ára krakka (f.2007-2010) í júní, júlí og ágúst. Námskeiðin verða frá kl. 9:00-12:00 alla virka daga en standa yfir í viku í senn. Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna inn á <http://grottasport.is>



5. fl. kvk Gróttu Íslandsmeistarar



Gott tímabil er að baki hjá stúlkunum í 5. fl. kvk. Yngra árið gerði gott mót í Eyjum síðustu helgina í apríl. Gróttu1 gulltryggði sér sinn annan Íslandsmeistaratítill á þremur árum með öðru sætinu.

Stúlkurnar hafa æft vel í vetur og uppskera svo sannarlega eftir því. Sama gildir um lið Gróttu2 sem að stóðu sig feikna vel á mótinu. Þær spiluðu flottan handbolta, sýndu frábæra baráttu og uppskæru 3.

sæti í deildinni. Eldra árið á einnig hrós skilið fyrir tímabilið en þær hafa spilað nokkuð stöðugt í vetur. Á síðasta móti lentu þær í 3. sæti í deildinni eftir hörkuleiki og geta þær gengið nokkuð sáttar frá borði. Stelpurnar sem að 5. fl. kvk. eru virkilega efnilegar og vel gerðar og eiga það allar sameiginlegt að geta náð langt í handknattleik sem og öllu öðru sem að þær munu setja mark sitt að sé viljinn fyrir hendi.

Knattspyrnuskóli Gróttu hefst 8. júní

Í sumar mun knattspyrnudeild Gróttu bjóða upp á knattspyrnuskóla og knattspyrnuakademíu.

Knattspyrnuskólinn, sem margóft hefur hlotið gæðavottun UEFA, er fyrir börn fædd 2006-2010 og er starfræktur milli 09:00 og 12:00 alla virka daga fram í ágúst. Í knattspyrnuskólanum kynnst þátttakendur fótbolta í gegnum skemmtilega leiki og æfingar en allir eru velkomnir, jafnt þeir sem æfa fótbolta og þeir sem hafa aldrei æft. Einnig verður hin sívinsæla knattspyrnuakademía á dagskránni í sumar fyrir krakka fædd 2002-2005 en æft er milli 10:30 og 12:00 mánudaga, miðvikudaga og fimtudaga. Pétur Már Harðarson íþróttafæðingur og þjálfari hjá Gróttu verður við stjórnvölinn á



námskeiðunum í sumar en honum til halds og trausts verða þjálfararnir Jörunn María Þorsteinsdóttir, Pétur Rögnvaldsson og Björn Valdimarsson ásamt krökkum úr yngri flokkum Gróttu. Athugið að vegna framkvæmda við Vivaldivöllinn fer starfsemi skólans fram á grasvöllinum á Valhúsahæð, sparkvöllinum við Mýrarhúsaskóla og í íþróttahúsinu.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Theresa Himmer. Hún er fædd í Danmörku og þar kláraði hún arkitektanám sitt. Á árunum 2009-2013 nam hún myndlist í New York en hefur síðan 2013 búið á Seltjarnarnesi ásamt manni sínum, Kristjáni Eggertssyni og lítilli dóttur þeirra.

Hægt er að sjá sýningu hennar, "Recollection", í Galleri Gróttu fram að 27. maí. Theresa stendur einnig að baki gerð húsgagna-seriunnar í tónungadeild bókasafnsins, sem tekin var í notkun í mars á síðasta ári.

Fullt nafn? Theresa Himmer.

Fæðingard. og ár? 3. júlí, 1976.

Starf? Myndlistarkona og arkitekt.

Farartæki? Strætó.

Helstu kostir? Vítt sjónarhorn.

Eftirlætis matur? Apríkósu-dumplings ömmu minnar.

Eftirlætis tónlist? Í augnablikinu; Ariel Pink, Alice Coltrane og Else Marie Pade.

Eftirlætis íþróttamaður?

Enginn sérstakur.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Ríkið ("Riget", 1994) eftir Lars von Trier.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Erfitt að segja, en þessar er meðal þeirra sem eru í uppáhaldi; Camera Lucida eftir Roland Barthes. The Architectural Uncanny eftir Anthony Vidler.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Jeanne Dielman... (1975) eftir Chantal Ackerman eða Toute la mémoire du monde (1956) eftir Alain Resnais.

Hvað gerir þú í frístundum þínum?

Ég hef ekki svo mikinn frítíma þessa dagana, en það angrar mig ekkert.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Þú meinar fyrir utan Ísland? ;)

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Fordómaleysi.

Hvern vildir þú helst hitta?

Michel Foucault.

Uppáhalds vefsíða?

www.ubuweb.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Helgi í Prag þegar apríkóstrénu er í blóma.



Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Bjóða í stórt matarboð! Svo væri ég örugglega frekar skynsöm; kaupa nýja tölvu, kannski nýja myndavél og svo borga upp skuldir.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Finna leið til að klára bygginguna sem var hugsuð sem Lækningaminjasafn. Endurhugsa hana sem bókasafn með sýningarsölum og góðu kaffihúsi svo að sem flestir komi til með að njóta þessarar fallegu byggingar og þess stórbrotna landslags sem hún rammur inn.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Að hafa meiri tíma með fjölskyldu minni sem býr langt í burtu.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Við fórum öll þrjú til Danmerkur.



HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MED
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

flögru matur





GETRAUNANÚMÉR GRÓTTU ER 170

